

Kirkjuþing 2018

9. mál – þskj. 9

TILLAGA

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:
Langanes- og Skinnastaðarprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinist í eitt
prestakall, Langanes- og Skinnastaðarprestakall.

2. gr.

Sameining þessi öðlist gildi þann 1. júní 2019.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og
starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa

Tillaga þessi er flutt ásamt fimm öðrum tillögum á kirkjuþingi 2018 um sameiningu
prestakalla víða á landinu. Verði tillaga þessi samþykkt er gert ráð fyrir að sameinuðu
prestakalli verði þjónað af sóknarpresti og presti. Sami fjöldi presta verði því á svæðinu eins
og nú er, eftir sameiningu.

Ekki er gert ráð fyrir sameiningu sókna í framangreindum prestaköllum, enda almennt litið
svo á að frumkvæði að því komi frá sóknarmönnum. Engin breyting er lögð til hvað varðar
prestssetur prestkallanna og haldast þau því óbreytt á Skinnastað í Öxarfirði og á Þórshöfn á
Langanesi.

Skipaður sóknarprestur Langanesprestakalls hefur setið fyrrum prestssetursjörðina
Skeggjastaði í samráði við- og með leyfi biskups Íslands, enda ekki prestsbústaður á Þórshöfn.
Kirkjumálasjóður hefur nú fest kaup á íbúðarhúsnæði á Þórshöfn sem prestsbústað og er gert
ráð fyrir að aðsetur annars prestanna sem þjónar sameinuðu prestakalli verði þar til
frambúðar.

Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 skal gefa
safnaðarfundum (þarf ekki að vera aðalsafnaðarfundur) og héraðsfundi kost á að veita umsögn
um framangreinda tillögu. Umsagnir skulu sendar biskupafundi sem fer yfir þær og býr síðan
málið til kirkjuþings. Í samræmi við þetta var sóknarnefndum, sóknarprestum og prestum

ásamt héraðsnefnd Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis send til umsagnar tillaga þessi með bréfi, dags. 20. júlí 2018.

Tillögugerð þessi er hluti af stefnu biskupafundar um nýskipan prestakalla á landsvísu sem unnið hefur verið að. Felst í þeirri stefnu að horfið verði frá einmenningsprestaköllum, þar sem því verður við komið. Í hverju prestakalli verði sóknarprestur og prestur að lágmarki og fleiri prestar ef þurfa þykir vegna mannfjölda eða aðstæðna. Stefna þessi er í samræmi við þróun mála undanfarin ár. Má t.d. nefna í því sambandi að fjögur prestaköll á Austurlandi hafa á undanförunum árum verið sameinuð í eitt Egilsstaðaprestakall, þar sem sóknarprestur og tveir prestar þjóna kallinu, Möðruvalla- og Dalvíkurprestaköll á Norðurlandi hafa verið sameinuð í eitt prestakall, Dalvíkurprestakall, þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu og Fellaprestakall og Hólaprestakall í Reykjavík sömuleiðis sameinuð í eitt prestakall Fella- og Hólaprestakall þar sem sóknarprestur og prestur þjóna kallinu.

Íbúafjöldi sókna Langanesprestakalls þann 1. janúar 2018, var sem hér segir:

Svalbarðssókn í Þistilfirði 92

Þórshafnarsókn 399

Samtals 491

Íbúafjöldi sókna Skinnastaðarprestakalls var þann 1. janúar 2018 sem hér segir:

Garðssókn 72

Skinnastaðarsókn 78

Snartarstaðasókn 156

Raufarhafnarsókn 193

Samtals 499

Íbúafjöldi samtals í Langanes- og Skinnastaðarprestakalli 990.

Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við samþykkt tillögu þessarar.

Fylgiskjöl með tillögu þessari eru:

1. Greinargerð; **“Nýskipan prestakalla“**. Skjalið er birt í 5. máli kirkjuþings 2018
2. Yfirlit yfir laun í sameinuðum prestaköllum. Skjalið er birt í 5. máli kirkjuþings 2018
3. Umsögn héraðsfundar Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis þann xx. október 2018